



**Til: velferðarnefndar Alþingis**

**Frá: Landspítala**

**Dags: 14.02.2022**

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr 65/1974**

Landspítali fagnar fyrirhuguðu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr 65/1974 (afglæpavæðing vörslu neysluskammta). Þessar breytingar eru í takt við skaðaminnkandi nálgun fíknimeðferðar. Þannig leysa breytingarnar úr vanda sem geta skapast við fyrirhuguð opinber neyslurými (verði frumvarp heilbrigðisráðherra um slík neyslurými samþykkt) þar sem notendur fíkniefna í rýminu geta átt á hættu að verða kærðir fyrir vörslu auk þess að fíkniefnin þeirra verði haldlögð.

Í 4.gr. er nýtt ákvæði til bráðabirgða. Þar er lagt til að ráðherra skipi starfshóp til að hafa eftirlit með áhrifum og ávinningi af afglæpavæðingu vörslu á hagi vímuefnaneytenda og gera tillögur til ráðherra um hvernig ráðstafa eigi fjárhagslegum ávinningi af lagabreytingunni. Auk þess skal starfshópurinn fylgjast með þeim úrræðum sem fíkniefnaneytendum stendur til boða hverju sinni og gera tillögur til úrbóta ef hann telur þörf á. Það er óljóst skv. ákvæðinu hvort starfshópurinn verði með eftirlit gagnvart heilbrigðisstofnunum (Landspítala, starfsemi SÁÁ). Þessar heilbrigðisstofnanir eru þegar undir eftirliti Embættis landlæknis og heilbrigðisráðuneytisins og vekur Landspítali því athygli á óvissu um heimildir slíks starfshóps til eftirlits á heilbrigðisstofnunum.

Svarið hefur unnið, fyrir hönd Landspítala

Kjartan Jónas Kjartansson

Yfirlæknir meðferðareiningar fíknisjúkdóma

Geðþjónustu Landspítala

[kjartanj@landspitali.is](mailto:kjartanj@landspitali.is)